

Reykjavík, 7. janúar 2021
ÍLS/Akraneskaupstaður
Stíllholti 16-18
300 Akranes**Efni: Ósk um undanþágu frá upplýsingalögum fyrir dótturfélög Orkuveitu Reykjavíkur á samkeppnismarkaði**

Á hluthafafundum sem fram fóru þann 6. nóvember 2020, í þeim dótturfélögum Orkuveitu Reykjavíkur sef. sem starfa á samkeppnismarkaði, voru staðfestar ákvarðanir stjórnar félaganna að óskað yrði eftir undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna. Um er að ræða félögin Orku náttúrunnar ohf., kt. 471119-0830, ON Power ohf., kt. 521213-0190, Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., 691206-3780, og Carbfix ohf., kt. 471119-0910, en þau starfa hvert um sig eingöngu á samkeppnismarkaði.

Undanþága frá gildissviði upplýsingalaga er veitt þeim opinberu félögum sem starfa að nær öllu leyti á samkeppnismarkaði. Samkvæmt lögnum er það forsætisráðherra sem veitir undanþáguna að fenginni tillögu hlutaðeigandi sveitarstjórnar og að fenginni jákvæðri umsögn Samkeppniseftirlitsins. Undanþága er veitt að fenginni tillögu þeirrar sveitarstjórnar sem fer með eigendavald í viðkomandi félagi. Í þeim tilvikum sem eigendasveitarfélög eru fleiri en eitt eru það allar sveitarstjórnir sem standa sameiginlega að ósk um undanþágu, sbr. athugasemdir við 3. mgr. 2. gr. í frumvarpinu sem varð að upplýsingalögum.

Með vísan til framangreinds er þess óskað að Akraneskaupstaður sem einn eigenda Orkuveitu Reykjavíkur samþykki að það verði lagt til við forsætisráðherra að framangreindum dótturfélögum verði veitt undanþága frá upplýsingalögum nr. 140/2012. Hjalagðar eru fundargerðir áðurgreindra hlutafafunda ásamt tillögum og greinargerðum sem lagðar voru fyrir stjórnir félaganna í aðdraganda þeirra. Í þeim er gerð grein fyrir því samkeppnislega umhverfi sem hvert félag um sig býr við framangreindri beiðni til stuðnings. Frekari upplýsingar veitir undirrituð svo góðfúslega verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,

Íris Lind Sæmundsdóttir
Lögmaður

Samrit: Reykjavíkurborg og Borgarbyggð